

REGLUR

um heiti og merkingu textílværa.

1. gr.

Á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2009 frá 29. maí 2009 skal tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB frá 14. janúar 2009 um textílheiti (endurúttefin) öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun I og öðrum ákvæðum samningsins, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem vísað er til í 1. gr., eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB (ákvörðunin í 16. árgangi, hefti nr. 47 (3. september 2009), bls. 10). EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglum þessum.

3. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum skv. 22. og 26. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

4. gr.

Reglur þessar, sem innleiða framangreinda tilskipun 2008/121/EB og eru settar með heimild í 18. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 380/2007, um heiti og merkingu textílværa.

Neytendastofu, 19. mars 2010.

Tryggvi Axelsson.

Hjördís Björk Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/121/EB**

frá 14. janúar 2009

um textílfilheiti (endurútgöfin)

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

textílvörum á ýmsum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

- 4) Einnig skal setja ákvæði um ákveðnar vörur sem ekki eru einvörðungu gerðar úr textílefnum en innihalda þau og mynda nauðsynlegan hluta vörunnar eða sem sérstök athygli er vakin á af hálfu framleiðanda, vinnsluaðila eða seljanda.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

- 5) Vikmörk hvað snertir „aðrar trefjar“, sem þegar hafa verið ákveðin fyrir hreinar vörur, skulu einnig gilda um blandaðar vörur.

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

- 6) Merkingar skulu vera skyldubundnar til að ná fram markmiðum þeim sem liggja að baki ákvæðum landslaga á þessu sviði.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EB frá 16. desember 1996 um textílfilheiti ⁽³⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽⁴⁾. Þar sem um frekari breytingar verður að ræða skal endurútgæfa hana til glöggvunar.

- 7) Þegar erfitt reynist af tæknilegum ástæðum að tilgreina samsetningu vöru við framleiðslu er heimilt að gefa upp allar trefjar, þá þekktar, á vörumiða séu þær tiltekinn hundradshluti hinnar fullunnar vöru.

- 2) Það myndi valda hindrunum í eðlilegri starfsemi innri markaðarins ef ákvæði aðildarríkjanna um heiti, samsetningu og merkingu textílværa væru breytileg frá einu aðildarríki til annars.

- 8) Ráðlegt er, til að komast hjá því að ákvæðum sé beitt á mismunandi hátt innan Bandalagsins, að tilgreina nákvæmar aðferðir við merkingu tiltekinnar textílværa sem samsettar eru úr tveimur eða fleiri efnisþáttum og einnig efnisþætti textílværa sem ekki er þörf á að taka tillit til við merkingu og greiningu.

- 3) Unnt er að ryðja hindrunum þessum úr vegi með því að setja samræmdar reglur um markaðsetningu textílværa innan Bandalagsins. Þess vegna er nauðsynlegt að samræma heiti á textíltrefjum og upplýsingar sem birtar eru á vörumiðum, merkingum og fylgiskjölum með

- 9) Textílvörur, sem aðeins er skylt að merkja sameiginlega og seldar eru í metratali eða í afskornum lengdum skal bjóða til sölu þannig að neytandinn geti kynnt sér til hlítar upplýsingar á ytri umbúðunum eða stranganum. Það er aðildarríkjanna að ákveða ráðstafanir þær sem samþykkja ber í þessu skyni.

⁽¹⁾ Sjá ESB C 162, 25.6.2008, bls. 40.⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 17. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 16. desember 2008.⁽³⁾ Sjá ESB L 32, 3.2.1997, bls. 38.⁽⁴⁾ Sjá A-hluta VI. Viðauka.

- 10) Notkun lýsandi tegundar eða heita, sem njóta sérstaks álits meðal notenda og neytenda, skal vera háð sérstökum skilyrðum.

- 11) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um aðferðir við sýnatöku og greiningu textílefna til að útiloka hugsanleg andmæli gegn aðferðum þeim sem notaðar eru. Enda þótt núgildandi aðferðir innan aðildarríkjanna séu viðhafðar enn um sinn kemur það ekki í veg fyrir að samræmdum reglum sé beitt.
- 12) Í V. viðauka, þar sem tilgreind eru viðtekin frávik sem gilda um þurran massa hvernar trefjategundar við greiningu og ákvörðun trefjainnihalds, koma í 1., 2. og 3. lið fram tvenns konar viðtekin frávik við útreikning á samsetningu kembdra eða greiddra trefja sem innihalda ull og/eða dýrahár. Ekki er alltaf unnt að greina á tilraunastofum hvort vara sé kembd eða greidd og því getur ósamræmi komið fram í niðurstöðum sé ákvæði þessu beitt við prófanir á samræmi textílvara innan Bandalagsins Því ber að heimila að beitt sé einu viðteknu frávik í rannsóknastofum í vafamálum.
- 13) Ekki er ráðlegt að samræma, í sérstakri tilskipun um textílvörur, öll ákvæði sem gilda um slíkar vörur.
- 14) Ákvæði III. og IV. viðauka skulu einnig, með tilliti til séreinkenna þeirra atriða sem þar er getið, gilda um aðrar vörur sem undanþegnar eru merkingum, einkum og sér í lagi „einnota“ vörur eða vörur sem einungis er krafist sameiginlegra merkinga fyrir.
- 15) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾.
- 16) Sérstaklega skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að laga I. og V. viðauka að tækniframförum og samþykkja nýjar magngreiningar fyrir blöndur úr tveimur og þremur efnum. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum í þessari tilskipun skulu þær samþykktar í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni með athugun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 17) Nýju atriðin, sem innleidd eru í þessari tilskipun, varða einungis nefndarmeðferðina. Aðildarríkin þurfa því ekki að lögleiða þau.
- 18) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til að lögleiða tilskipanirnar, sem eru tilgreindar í B-hluta VI. viðauka, í aðildarríkjunum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Einungis er heimilt að markaðssetja textílvörur innan Bandalagsins meðan á vinnslu stendur eða áður en hún hefst og á öllum stigum dreifingar séu þær í samræmi við ákvæði tilskipunar þessarar.

2. Reglugerð þessi gildir ekki um textílvörur sem:

- a) ætlaðar eru til útflutnings til þriðju landa,
- b) eru fluttar með gegnumflutningi um aðildarríki undir eftirliti tollyfirvalda,
- c) eru fluttar inn frá þriðju löndum til aðvinnslu,
- d) samið er um afhendingu á til heimavinnandi fólks eða sjálfstæðra fyrirtækja sem vinna úr aðfengnum efnum án þess að eignaréttur, sem í þeim felst, sé yfirfærður gegn greiðslu.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „textílvörur“: allar óunnar, hálfunnar eða fullunnar vörur, framleiddar að hluta, fullframleiddar, tilbúnar að hluta eða fullbúnar eða vörur sem að öllu leyti eru samsettar úr textíltrefjum án tillits til þeirrar aðferðar sem notuð er við blöndun eða samsetningu.

- b) „textíltrefjar“:

efniseining sem einkennist af sveigjanleika, finleika og mikilli lengd samanborið við mesta þvermál sem gerir hana nothæfa til framleiðslu textílvara,

sveigjanlegar lengjur, flatar eða holar, þar sem sýnileg breidd er ekki meiri en 5 mm, þ.m.t. lengjur skornar af breiðari lengjum eða lögum sem gerð eru úr efnum sem notuð eru við framleiðslu trefja þeirra sem skráðar eru undir 19. – 41. lið í I. viðauka og eru nothæfar til textílfraðslu, sýnileg breidd er breidd hinnar flötu eða holu lengju samanbrotinnar, útflatrar, samanþjappaðrar eða undinnar eða meðalbreidd þar sem breiddin er ekki alls staðar sú sama.

2. Eftirfarandi vörur teljast til textílvara og heyra undir ákvæði tilskipunar þessarar:

- a) vörur sem innihalda textíltrefjar sem eru minnst 80% af þyngd þeirra,
- b) húsgagnaáklæði, regnhlíf- og sólhlífarefni sem er að hluta textílefnisþættir, minnst 80% af þyngd; þetta á einnig við um textílefnisþætti í marglaga gölfdúkum, í dýnum og í viðlegubúnaði og varmafóður í skófatnaði, hönskum og vettlingum, svo fremi slíkir hlutar eða föður sé minnst 80% af heildarþyngd hlutarins,
- c) textílefni sem felld eru inn í aðrar vörur og mynda óaðskiljanlegan hluta þeirra, svo fremi samsetningar sé getið.

3. gr.

1. Heiti og lýsing trefja, sem um getur í 2. gr., eru skráð í I. viðauka.

2. Notkun heita í töflunni í I. viðauka er bundin við þær trefjar sem lýst er undir sama lið í töflunni.

3. Ekkert þessara heita má nota um aðrar trefjar, eitt sér, sem lýsingarorð eða sem orðstofn á neinu tungumáli.

⁽¹⁾ Sjátið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

4. Óheimilt er að nota orðið „silki“ til að gefa til kynna lögum eða sérstaka eiginleika textíltrefja sem óslitins þráðar.

4. gr.

1. Óheimilt er að lýsa textílvöru sem „100%“, „hreinni“ eða „al-“ eða nota aðrar áþekkar táknanir nema hún sé einvörðungu samsett úr trefjum sömu tegundar.

2. Heimilt er að textílvara innihaldi aðrar trefjar allt að 2% af þyngd svo fremi tæknilegar orsakir liggi að baki og að þeim sé ekki bætt við kerfisbundið. Sé um kembdar textílvörur að ræða skal hækka vikmörkin í 5%.

5. gr.

1. Einungis er heimilt að lýsa ullarvöru með einu af heitunum, sem fram koma í II. viðauka, ef hún er einvörðungu samsett úr trefjum sem ekki hafa áður verið notaðar í fullunna vöru, hafa ekki verið spunnar og/eða þæfðar nema vegna framleiðslu fyrrnefndrar ullarvöru og hafa ekki skemmst í meðhöndlun eða við notkun.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota heitin, sem vísað er til í II. viðauka, til þess að lýsa ull í trefjablöndu þegar:

- a) öll ull í blöndunni stenst kröfur sem mælt er fyrir um í 1. mgr.,
- b) ullin vegur ekki minna en 25% af heildarþyngd blöndunnar,
- c) ullinni er einvörðungu blandað saman við eina tegund trefja af annarri gerð þegar um grófkembda blöndu er að ræða.

Í tilviki því, sem um getur í þessari málsgrein, skal gefa upp hundraðshluta allra efna í samsetningunni.

3. Takmarka skal vikmörk þau, sem rökstudd með tæknilegum orsökum og tengjast framleiðslu, við 0,3% óhreinindi, sem eru trefjakyns þegar um er að ræða vörur, sem um getur í 1. og 2. mgr., þ.m.t. kembdar ullarvörur.

6. gr.

1. Merkja skal textílvöru, sem samsett er úr tveimur eða fleiri tegundum trefja, þar sem ein tegundin er a.m.k. 85% af heildarþyngd:

- a) með heiti þeirrar trefjategundar ásamt hundraðshluta hennar miðað við þyngd,
- b) með heiti þeirrar trefjategundar og orðunum „minnst 85%“ eða
- c) með hundraðshlutum allra efna sem varan er samsett úr.

2. Merkja skal textílvöru, sem samsett er úr tveimur trefjum eða fleiri, þar sem engin trefjategund nær 85% af heildarþyngd, með heiti og hundraðshluta a.m.k. tveggja helstu trefjanna miðað við þyngd ásamt heitum annarra trefjaefnisþátta á eftir í réttri röð eftir þyngd, með eða án upplýsinga um hundraðshluta miðað við þyngd. Samt sem áður:

- a) er heimilt að merkja trefjar, sem einar og sér eru minna en 10% af heildarþyngd vöru í einu lagi, með orðunum „aðrar trefjar“ og komi þar á eftir samanlagðir hundraðshlutar miðað við þyngd,
- b) skal gefa upp hundraðshluta allra efna sem vara er samsett úr sé heiti trefjategundar þeirrar, sem ekki nær 10% af heildarþyngd vörunnar, tilgreint.

3. Heimilt er að gefa vörum með hreina baðmullaruppistöðu og hreinu hörivafi, þar sem hundraðshluti hörs er ekki undir 40% af heildarþyngd ósteinds vefnaðar, heitið „vefnaðarblanda úr baðmull og hör“ og skal þessi lýsing á samsetningu fylgja, „hreina baðmullaruppistaða — hreint hörivaf“.

4. Heimilt er að nota hugtakið „blandaðar trefjar“ eða hugtakið „ótiltekin textílsamsetning“ um allar vörur sem ekki er unnt að tilgreina samsetningu fyrir með auðveldum hætti við framleiðslu.

7. gr.

5. Þegar um er að ræða textílvörur ætlaðar neytendum og með samsetningu í hundraðshlutum eins og fram kemur í 1. til 4. mgr.:

a) skal leyfa aðrar trefjar, sem eru allt að 2% af heildarþyngd textílvörunnar, sé það gert á tæknilegum forsendum og ekki gert að fastri venju; vikmörk þessi skulu aukin í 5% sé um kembar vörur að ræða og sem vikmörk, er um getur í 3. mgr. 5. gr., gilda ekki um,

8. gr.

b) skal heimila 3% framleiðsluvikmörk milli uppgöfina hundraðshluta trefja og hundraðshluta, sem fram koma við greiningu, miðað við heildarþyngd trefja sem fram kemur á vörumiða; sömu vikmörk gilda einnig um trefjar sem í samræmi við ákvæði 2. mgr. eru skráðar í röð eftir þyngd án þess að hundraðshluti þeirra komi fram. Vikmörk þessi gilda einnig um b-lið 2. mgr. 5. gr.

Við greiningu skal reikna fyrrnefnd vikmörk út hver fyrir sig, heildarþyngd sú sem taka skal mið af við útreikning vikmarka, sem um getur í b-lið, er heildarþyngd trefja fullunninnar vöru að frátalinni þyngd allra utanaðkomandi trefja sem fram koma þegar ákvæðum um vikmörk, sem um getur í a-lið, er beitt.

Einungis er heimilt að leggja saman tölurnar fyrir vikmörkin, sem um getur í a- og b-lið, ef einhverjar utanaðkomandi trefjar, sem fram koma við greiningu þegar vikmörkin sem um getur í a-lið eru notuð, reynast vera af sömu gerð og trefjar sem eru tilgreindar á vörumiða.

Þegar um er að ræða sérstakar vörur, þar sem við framleiðslu er krafist rýmri vikmarka en fram koma í a- og b-lið, eru hærri vikmörk heimil aðeins í undantekningartilvikum þegar gengið hefur verið úr skugga um að varan samræmist ákvæðum 1. mgr. 13. gr. og þegar gild rök koma fram af hálfu framleiðanda. Aðildarríkin skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Með fyrirvara um vikmörkin, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 6. gr., er ekki þörf á að nefna sýnilegar, aðgreinanlegar trefjar sem einungis eru til skrauts og ekki eru yfir 7% af þyngd fullunninnar vöru í trefjasamsetningum þeim sem kveðið er á um í 4. og 6. gr., sama gildir um trefjar, s.s. málmrefjar, sem felldar eru inn í til að koma í veg fyrir rafmögnun og ekki eru yfir 2% af þyngd fullunninnar vöru. Í vörum, sem um getur í 3. mgr. 6. gr., skal ekki reikna þessa hundraðshluta út miðað við þyngd vefnaðarins heldur þyngd uppistöðunnar og ívafsins sitt í hvoru lagi.

1. Textílvörur, eins og þær eru skilgreindar í þessari tilskipun, skulu fá merkimiða eða aðra merkingu hvenær sem þær eru settar á markað í framleiðslu- eða söluferlinu. Í stað ásetningar merkimiða eða merkingar eða þeim til viðbótar geta komið viðskiptafylgiskjöl ef vörurnar eru ekki boðnar neytendum til sölu eða þær eru afgreiddar til að uppfylla þöntun frá ríkinu eða öðrum lögpersónum sem heyra undir opinberan rétt eða í þeim aðildarríkjum, þar sem þetta hugtak er óþekkt, frá jafngildum aðila.

2. Tilgreina skal á skýran hátt í viðskiptaskjölunum heiti, lýsingu og upplýsingar varðandi textíltrefjainnihald sem um getur í 3. til 6. gr. og í I. og II. viðauka. Með kröfu þessari er sérstaklega girt fyrir notkun skammstafana í sölusamningum, á fylgireikningum og vörureikningum. Samt sem áður er heimilt að nota vélrænt táknrof, svo fremi að táknrofið sé útskýrt í sama skjali.

3. Þegar textílvörur eru boðnar til sölu eða seldar neytendum skal gefa heiti, lýsingu og upplýsingar varðandi trefjainnihald, sem um getur í 3. til 6. gr. og I. viðauka, til kynna með greinilegu og læsilegu og samræmdu/einsleitu prentletri, einkum í verðlistum, auglýsingabæklingum, á umbúðum, vörumiðum og merkingum.

Einstökum atriðum og upplýsingum, öðrum en þeim sem kveðið er á um í tilskipun þessari, skal haldið algerlega aðskildum. Ákvæði þetta gildir ekki um vörumerki eða fyrirtækjaheiti sem heimilt er að fram komi strax á undan eða eftir einstökum atriðum sem kveðið er á um í tilskipun þessari.

Sé vörumerki eða fyrirtækjaheiti samt sem áður tilgreint, þegar textílvöru er boðin til sölu eða seld neytendum eins og um getur í fyrstu undirgrein, og í því kemur fram heiti skráð í I. viðauka eða heiti, sem hætt er við að ruglað verði saman við það, eitt sér eða sem lýsingarorð eða orðstofn, skal vörumerkið eða fyrirtækjaheitið koma strax á eftir eða undan heitum, lýsingum og einstökum upplýsingum um trefjainnihald, eins og um getur í 3. til 6. gr. og I. og II. viðauka, með greinilegu og læsilegu prentletri.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess, þegar textílvörur eru boðnar til sölu eða seldar neytendum á yferráðasvæði þeirra, að merkimiðar og aðrar merkingar, sem krafist er í grein þessari, séu einnig á þjóðtugum þeirra.

Þegar um er að ræða spólur, hesputré, hespur, hnykla eða annað sauma-, viðgerða- og útsaumsgarn í litlum einingum er aðildarríkjunum því aðeins heimilt að nýta valkost þann, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, ef um er að ræða sameiginlegar merkingar á umbúðum eða sýnishornum. Heimilt er að hafa upplýsingar á hvaða tungumáli Bandalagsins sem er, sbr. þó þau tilvik sem um getur í 18. lið IV. viðauka.

5. Aðildarríkjunum er óheimilt að leggja bann við notkun lýsinga og upplýsinga, annarra en þeirra sem um getur í 3., 4. og 5. gr., sem varða sérkenni vara, séu slíkar lýsingar eða upplýsingar í samræmi við góða viðskiptahætti í viðkomandi landi.

9. gr.

1. Allar textílvörur, samsettar úr tveimur eða fleiri efnisþáttum sem innihalda ólíkar trefjategundir, hafi áfestan vörumiða þar sem fram kemur trefjainnihald hvers efnisþátta. Ekki er skylt að viðhafa slíka merkingu um efnisþætti, sem eru undir 30% af heildarþyngd vörunnar, nema um sé að ræða sýnilegt fóður.

2. Ef trefjainnihald tveggja eða fleiri textílvara er hið sama og þær mynda að jafnaði eina samstæðu þurfa þær aðeins einn áfestan vörumiða.

3. Með fyrirvara um 12. gr.:

a) skal sýna trefjasamsetningu eftirfarandi lífstykkjavara með því að tilgreina samsetningu vörunnar í heild eða þeirra efnisþátta, sem taldir eru upp hér á eftir, annað hvort í einu lagi eða fyrir hvern um sig:

brjóstahaldarar: efni í ytri og innri hluta skála og bakhluta,

lífstykki: framstykki, bakstykki og hliðarstykki,

samfellur: efni í ytri og innri hluta skála, framstykki, bakstykki og hliðarstykki.

Trefjasamsetningu lífstykkjavara, annarra en taldar eru upp í fyrstu undirgrein, skal gefa til kynna með því að tilgreina samsetningu vörunnar í heild eða samsetningu ólíkra efnisþátta varanna, annaðhvort sameiginlega eða fyrir hvern um sig, en ekki er skylt að merkja vörunnar þannig þegar um er að ræða efnisþætti sem eru minna en 10% af heildarþyngd vörunnar.

Aðskildar merkingar ólíkra hluta lífstykkjavara, sem um getur að framan, skulu þannig úr garði gerðar að neytendur eigi auðvelt með að átta sig á til hvaða hluta vörunnar upplýsingarnar á vörumiðanum vísa;

b) skal gefa upp trefjasamsetningu ættra textílvara fyrir vöruna í heild og er heimilt að tilgreina sérstaklega samsetningu grunnefnisins og samsetningu ættu hlutanna. Þessa efnisþætti skal tilgreina með heiti sínu;

c) skal gefa upp trefjasamsetningu útsaumaðra textílvara fyrir vöruna í heild og er heimilt að tilgreina sérstaklega samsetningu grunnefnisins og samsetningu útsaumsgarnsins; þessa efnisþætti skal tilgreina með heiti sínu; séu útsaumuðu efnisþættirnir minna en 10% af yfirborði vörunnar nægir að tilgreina samsetningu grunnefnisins;

d) skal gefa upp trefjasamsetningu garns, sem saman stendur af kjarna og slíðri úr ólíkum trefjum og er boðið neytendum til sölu sem slíkt, fyrir vöruna í heild og er heimilt að tilgreina samsetningu kjarnans og samsetningu slíðursins sérstaklega; þessa efnisþætti skal tilgreina með heiti sínu;

e) skal gefa upp trefjasamsetningu textílvara úr flaueli og flosi eða textílvara sem líkjast flaueli eða flosi fyrir vöruna í heild og hafi varan sérstakt undirlag og slitlag úr ólíkum trefjum er heimilt að gefa upp trefjasamsetningu fyrir hvorn þessara hluta sérstaklega; hluta þessa skal tilgreina með heiti sínu,

f) ef undirlag og slitlag gólfduka og gólfteppa er úr ólíkum trefjum er heimilt að gefa einungis upp samsetningu slitlagsins; þann hluta skal tilgreina með heiti sínu.

10. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 9. gr.:

a) er aðildarríkjunum óheimilt að krefjast ásetningar merkimiða eða annarra merkinga, þar sem heiti eða samsetning kemur fram á einhverju því stigi sem um getur í a- lið 1. mgr. 2. gr., þegar um ræðir textílvörur sem eru skráðar í III. viðauka. Ákvæði 8. og 9. gr. gilda samt hafi slíkar vörur áfestan vörumiða eða merkingu þar sem fram kemur heiti eða samsetning eða vörumerki eða heiti fyrirtækis, sem hefur að geyma annaðhvort heiti skráð í I. viðauka eða heiti sem hætt er við að ruglað verði saman við það, eitt sér eða sem lýsingarorð eða orðstofn;

b) er heimilt að bjóða saman til sölu textílvörur, skráðar í IV. viðauka, af sömu gerð og samsetningu með sameiginlegum vörumiða þar sem fram koma upplýsingar um samsetningu sem mælt er fyrir um í tilskipun þessari,

c) er einungis nauðsynlegt að gefa upp samsetningu textílvára, sem seldar eru í metratali, á lengju þeirri eða stranga sem boðinn er til sölu.

2. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að vörur þær, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr., séu boðnar til sölu með þeim hætti að neytendur geti kynnt sér samsetningu þeirra til hlítar.

11. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ekki sé unnt að rugla upplýsingum, sem veittar eru við markaðssetningu textílvára, saman við heiti og upplýsingar sem mælt er fyrir um í tilskipun þessari.

12. gr.

Að því er varðar beitingu 1. mgr. 8. gr. og annarra ákvæða tilskipunar þessarar um merkingar textílvára skal ákveða hundraðshluta trefja, sem um getur í 4., 5. og 6. gr., án þess að mið sé tekið af eftirtöldum atriðum:

- a) að því er varðar allar textílvörur: í hlutum, sem eru ekki úr textíl, sérofnum jöðrum, vörumiðum og merkisþjöldum, bryddingum og leggingum, sem ekki eru óaðskiljanlegur hluti vörunnar, í hnöppum og spennum þöktum textílefnum, aukabúnaði, skrauti, óteygjanlegum borðum, teygjanlegum þráðum og böndum, sem bætt er við vöruna á tilteknum og afmörkuðum stöðum, og með fyrirvara um skilyrði tilgreind í 7. gr., í sýnilegum, aðgreinanlegum trefjum til skrauts eingöngu og í trefjum sem koma í veg fyrir rafmögnum,
- b) að því er varðar gólfduka og gólfteppi: í öllum öðrum efnisþáttum en slitlagi,
- c) að því er varðar húsgagnaáklæði: í uppistöðu og ívafi til bindingar og fyllingar sem ekki eru hluti slitlags,
- d) að því er varðar hengi og tjöld: í uppistöðu og ívafi til bindingar og fyllingar sem eru ekki hluti af rétta borði efnisins,
- e) að því er varðar aðrar textílvörur: í grunnefnum, stífum og styrkingum, innra fódri og dúkundirlagi, saumagarni, svo fremi það komi ekki í stað uppistöðu og/eða ívafs efnisins, í fyllingum, sem ekki eru einangrandi, og, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 9. gr., í fódri.

Að því er ákvæði þetta varðar:

- i. ber ekki að líta á grunnefni í textílvörum, sem gegna hlutverki undirlags fyrir slitlag, einkum í ábreiðum og tvöföldum efnum, og fyrir flauel eða flosefni og ámóta vörur, sem undirlag sem fjarlægja á,

ii. merkja „stífur og styrkingar“ garn eða efni sem bætt er við á tilteknum og afmörkuðum stöðum á textílvörum til þess að styrkja þær eða gera stífar eða þykkar,

f) í fituefnum, bindiefni, þyngingum og límsterkju, gegnsýringarefnum, hjálparefnum til litunar og prentunar og öðrum efnum til þess að meðhöndla textílvörur. Ef ekki eru til ákvæði er að þessu líta innan Bandalagsins skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessir efnisþættir séu ekki til staðar í þeim mæli að villi um fyrir neytendum.

13. gr.

1. Athuganir á því hvort samsetning textílvára sé í samræmi við það sem segir í tilskipun þessari skulu fara fram samkvæmt greiningaraðferðum þeim sem tilgreindar eru í tilskipunum sem um getur í 2. mgr.

Í þessu skyni skal ákvarða hundraðshluta trefja í 4., 5. og 6. gr. með því að nota viðeigandi samþykkt frávik, sem mælt er fyrir um í V. viðauka, fyrir þurran massa hverrar trefjategundar eftir að þau atriði sem um getur í 12. gr., hafa verið fjarlægð.

2. Aðferðir við sýnatöku og greiningu, sem beita á í aðildarríkjunum til þess að ákvarða trefjasamsetningu vara, sem tilskipun þessi fjallar um, skulu tilgreindar í sértilskipunum.

14. gr.

1. Aðildarríkjunum er hvorki heimilt að banna né hindra markaðssetningu textílvára, sem uppfylla skilyrði tilskipunar þessarar, af ástæðum sem tengjast heitum eða upplýsingum um samsetningu þeirra.

2. Ákvæði tilskipunar þessarar koma ekki í veg fyrir að beitt sé gildandi ákvæðum í hverju aðildarríki um að vernda eignarétt á sviði iðnaðar og verzlunar, að gefa upplýsingar um uppruna vörunnar eða hvar kaup eiga sér stað og að hindra óréttmæta samkeppni.

15. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja viðbætur við I. viðauka og viðbætur og breytingar við V. viðauka sem nauðsynlegar eru til þess að laga viðaukana að tækniframförum.

2. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða hinar nýju aðferðir við magngreiningu blandna úr tveimur og þremur efnum, annarra en þeirra sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB og tilskipun ráðsins frá 16. desember 1996 um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum⁽¹⁾ og tilskipun ráðsins 73/44/EBE frá 26. febrúar 1973 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um magngreiningu trefjablandna úr þremur efnum⁽²⁾.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 32, 3.2.1997, bls. 1.

⁽²⁾ Stjótið. EB L 83, 30.3.1973, bls. 1.

3. Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., og ætlaðar eru til að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, m.a. með því að bæta við hana, í samræmi við málsmeðferð í stjórnslunni með athugun, sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

16. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um tilskipanir um textílheiti og merkingar textílværa sem komið er á fót samkvæmt tilskipun 96/73/EB.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

17. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

18. gr.

Tilskipun 96/74/EB, eins og henni var breytt með ákvæðum sem talin eru upp í VI. viðauka, er hér með felld úr gildi með

fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til að innleiða tilskipanirnar, sem settar eru fram í B-hluta VI. viðauka, í landslög. Tilvisanir í niðurfelldu tilskipunina telst vera tilvísun í þessa tilskipun og skulu lesnar í samræmi við samsvörunartöfluna í VII. viðauka.

19. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

20. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 14. janúar 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

A. VONDRA

forseti.

I. VIÐAUKI

TAFLA YFIR TEXTÍLTREFJAR

(sem um getur í 3. gr.)

Nr.	Heiti	Lýsing trefja
1	ull ⁽¹⁾	trefjar úr reyfi sauðfjár (<i>Ovis aries</i>)
2	alpaka, lama, úlfaldi, kasmír, móhár, angóra, vikúnja, jakuxi, gúanakó, kasgóra, bifur, otur, með eða án heitisins „ull“ eða „hár“ ⁽¹⁾	hár af eftirtöldum dýrum: alpöku, lamadýri, úlfalda, kasmírgeit, angórugeit, angóruakanínu, vikúnja, jakuxa, gúanakó, kasgórugeit (kynblendingur kasmírgeitar og angórugeitar), bifur, otri
3	hrosshár eða hár af öðrum dýrum, með eða án upplýsinga um dýrategund (t.d. nautshár, geitarull, hrosshár)	hár af ýmsum dýrum sem ekki eru talin upp undir 1. eða 2. lið
4	silki	trefjar einungis fengnar frá skordýrum sem spinna silki
5	baðmull	trefjar úr fræbelgjum baðmullarplöntunnar (<i>Gossypium</i>)
6	kapok	trefjar úr aldinveggjum kapoktrésins (<i>Ceiba pentandra</i>)
7	hör	bastrefjar úr stönglum línplöntunnar (<i>Linum usitatissimum</i>)
8	hampur	bastrefjar úr stönglum hamplöntunnar (<i>Cannabis sativa</i>)
9	júta	bastrefjar úr stönglum <i>Corchorus olitorius</i> og <i>Corchorus capsularis</i> . Að því er varðar tilskipun þessa skal fara með bastrefjar úr eftirfarandi tegundum á sama hátt og jútutrefjar: <i>Hibiscus cannabinus</i> , <i>Hibiscus sabdariffa</i> , <i>Abutilon avicennae</i> , <i>Urena lobata</i> , <i>Urena sinuata</i>
10	abaka (manillahampur)	trefjar úr blaðslíðri plöntunnar <i>Musa textilis</i>
11	alfa	trefjar úr laufi plöntunnar <i>Stipa tenacissima</i>
12	kókostrefjar (kókoshneta)	trefjar úr aldini kókospálmans (<i>Cocos nucifera</i>)
13	gífíll	bastrefjar úr stönglum plöntunnar <i>Cytisus scoparius</i> og/eða <i>Spartium junceum</i>
14	ramí	bastrefjar úr <i>Boehmeria nivea</i> og <i>Boehmeria tenacissima</i>
15	sísal	trefjar úr laufi <i>Agave sisalana</i>
16	Trefjar súnnplöntu	bastrefjar úr <i>Crotalaria juncea</i>
17	Sísalhampur	bastrefjar úr <i>Agave fourcroydes</i>
18	Trefjar eyðimerkurlilju	bastrefjar úr eyðimerkurlilju, <i>Agave cantala</i>
19	asetat	trefjar úr sellulósaasetati, þar sem minna en 92% en a.m.k. 74% hýdroxýlhópanna eru asetýlaðir (acetylated)

Nr.	Heiti	Lýsing trefja
20	algínat	trefjar málmaltá algínsýru
21	kúpró(kúprammóníum reion)	endurmyndaðar beðmistrefjar, fengnar með kúprammóníumaðferðinni
22	módal	endurmynduð beðmistrefja, fengin með breyttri viskósuaðferð, með mikinn slitkraft og mikið þanþol í vætu; Slitkrafturinn (BC) við skilyrtar prófaðstæður og krafturinn (BM), sem þarf til að lengja trefjarnar um 5% í vætu, eru: $B_C (CN) \geq 1,3 \sqrt{T} + 2 T$ $B_M (CN) \geq 0,5 \sqrt{T}$ þar sem T er meðalgildleiki trefja í desitexum
23	prótín	trefjar úr náttúrulegum prótínefnum, endurmyndaðar og stöðgaðar fyrir tilverknað íðefna
24	tríasetat	trefjar úr sellulósaasetati þar sem a.m.k. 92% hýdroxýlhópanna eru asetýleraðir
25	viskósa	endurmyndaðar beðmistrefjar, heilþræðir og skornir þræðir, fengnar með viskósuaðferðinni
26	akrýl	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum þar sem a.m.k. 85% af keðjunni er úr akrýlnítríli (miðað við massa)
27	klórtrefjar	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum þar sem einliður úr klórúðu vínýlklóríði eða klórúðu vínýlidenklóríði eru meira en 50% keðjunnar (miðað við massa)
28	flúortrefjar	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum úr alifatískum einliðum flúorkolefnis
29	móðakrýl	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum þar sem akrýlnítril er meira en 50% og minna en 85% keðjunnar (miðað við massa)
30	pólýamíð eða nælon	trefjar myndaðar úr tilbúnum, línulegum stórsameindum með endurteknum amíðtengjum í keðjunni, þar sem a.m.k. 85% þeirra eru bundin alifatískum eða hringalifatískum einingum
31	aramíð	trefjar myndaðar úr tilbúnum, línulegum stórsameindum sem eru úr arómatiskegum hópum, innbyrðis bundnum með amíð- eða ímíðtengjum, þar sem a.m.k. 85% tengjanna bindast beint tveimur arómatiskegum hringum og þar sem ímíðtengin, sé um þau að ræða, eru ekki fleiri en amíðtengin
32	pólýmíð	trefjar myndaðar úr tilbúnum, línulegum stórsameindum þar sem keðjan er úr endurteknum ímíðeiningum
33	lýósell (°)	endurmynduð beðmistrefja fengin með uppleysingu og spuna í lifrænum leysi, án þess að afleiður myndist
34	pólýlaktíð	trefjar úr línulegum stórsameindum með a.m.k. 85% mjólkursýruestereiningar (miðað við massa) sem unnar eru úr náttúrulegum sykrum og hafa bræðslumarkið a.m.k. 135 °C
35	pólýester	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum þar sem a.m.k. 85% af keðjunni eru ester úr díóli og tereþalsýru (miðað við massa)

Nr.	Heiti	Lýsing trefja
36	pólýetylen	trefjar myndaðar úr mettuðum, línulegum stórsameindum úr alifatískum vetniskolefnum, án sethópa
37	pólýprópýlen	trefjar myndaðar úr mettuðum, línulegum stórsameindum úr alifatískum kolvatnsefnum þar sem önnur hver kolefnisfrumeind er tengd metýlhliðarkeðju samkvæmt ísótaktískri niðurröðun og án frekari sethópa
38	pólýkarbamið	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum þar sem í keðjunni er endurtekinn virki hópurinn úreylen (NH-CONH)
39	pólýúretan	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum þar sem í keðjunni er endurtekinn virki hópurinn úretan
40	vínýlal	trefjar myndaðar úr línulegum stórsameindum sem hafa keðju úr pólývínýlalkóhóli með mismikilli asetölu (acetalisation)
41	trívínýl	trefjar myndaðar úr þrjúþættri fjölliðu, þ.e. akrýlnitríli, klóraðri vínýleinliðu og þriðju vínýleinliðu þar sem engin þeirra nær 50% af heildarmassa
42	elastódíen	teygjanlegar trefjar úr náttúrulegu eða tilbúnu pólýisópreni eða úr einu eða fleiri díenum, fjölliðuðum með einni eða fleiri vínýleinliðum eða án þeirra og sem skreppa strax saman næstum í upphaflega lengd ef þær eru teygðar í þrefalda, upphaflega lengd sína og sleppt aftur
43	elastan	teygjanlegar trefjar úr minnst 85% (miðað við massa) af niðurhlutuðu pólýúretani og sem skreppa strax saman næstum í upphaflega lengd ef þær eru teygðar í þrefalda, upphaflega lengd sína og sleppt aftur
44	glertrefjar	trefjar úr gleri
45	heiti sem svarar til efnis þess sem trefjarnar eru myndaðar úr, t.d. málmí (málmkenndur, málmgerður), asbesti, pappír, með eða án orðanna „garn“ eða „trefjar“ á eftir	trefjar úr ýmiss konar efnum eða nýjum efnum sem ekki eru tilgreindar annars staðar í þessum viðauka
46	elastófljöléster	trefjar sem eru myndaðar með víxlverkun tveggja eða fleiri efnafræðilega ólíkra, línulegra stórsameinda í tveimur eða fleiri aðskildum þrepum (þar sem engin fer yfir 85 % miðað við massa) sem innihalda esterhópa sem ríkjandi, virkan hóp (a.m.k. 85 %) og sem, eftir viðeigandi meðhöndlun, skreppa fljótt saman og að verulegu leyti í upphafslengd sína ef þær eru teygðar í eina og hálfu upphaflega lengd sína og sleppt
47	elastólefin	trefjar samsettar að a.m.k. 95% úr stórsameindum (miðað við massa) sem að hluta til eru víxltengdar, gerðar úr etýleni og a.m.k. einu öðru ólefni og sem skreppa fljótt saman og að verulegu leyti í upphafslengd sína ef þær eru teygðar í eina og hálfu upphaflega lengd sína og sleppt aftur

(¹) Einnig er heimilt að nota heitið „ull“ í 1. lið viðauka þessa til að auðkenna trefjablöndu úr sauðfjárreyfi og hárum sem tilgreindar eru í þriðja dálki 2. liðar.

Ákvæði þetta gildir um textílvörur sem tilgreindar eru í 4. og 5. gr. og þær sem um getur í 6. gr., svo fremi sem þær síðarnefndu eru að hluta úr trefjum þeim sem tilgreindar eru í 1. og 2. lið.

(²) Lítið er svo á að „lífrænn leysir“ merki fyrst og fremst blöndu lífrænna efna og vatns.

II. VIÐAUKI

Heiti sem fram koma í 1. mgr. 5. gr.

— á búlögörsku:	‘необработена вълна’,
— á spænsku:	‘lana virgen’ or ‘lana de esquilado’,
— á tékknesku	‘střížní vlna’,
— á dönsku	‘ren, ny uld’,
— á þýsku	‘Schurwolle’,
— á eistnesku	‘uus vill’,
— á grísku	‘παρθένο μαλλί’,
— á ensku	‘virgin wool’ or ‘fleece wool’,
— á frönsku	‘laine vierge’ or ‘laine de tonte’,
— á ítölsku	‘lana vergine’ or ‘lana di tosa’,
— á lettnesku	‘pirmlietojuma vilna’ or ‘jaunvilna’,
— á litháísku	‘natūralioji vilna’,
— á ungersku	‘élőgyapjú’,
— á maltnesku	‘suf verġni’,
— á hollensku	‘scheerwol’,
— á pólsku	‘zywa wełna’,
— á portúgölsku	‘lã virgem’,
— á rúmensku	‘lãnã virginã’,
— á slóvakísku	‘strižná vlna’,
— á slóvensku	‘runska volna’,
— á finnsku	‘uusi villa’,
— á sænsku	‘ren ull’.

III. VIÐAUKI

Vörur sem ekki er unnt að krefjast vörumerkinga fyrir

(sem um getur í a-lið 1. mgr. 10. gr.)

1. Ermabönd
2. Úrarmbönd úr textílefnum
3. Vörumiðar og einkennismerki
4. Handföng, stoppuð með textílefnum
5. Kaffihettur
6. Tehettur
7. Ermahlífar
8. Handskjól, önnur en úr flosvefnaði
9. Gerviblóm
10. Nálapúðar
11. Málað léreft
12. Textílvörur fyrir grunnefni og stífur
13. Flóki
14. Gamlar, uppgerðar textílvörur, svo fremi þær séu merktar þannig
15. Legghlífar
16. Umbúðir, ekki nýjar og seldar sem slíkar
17. Flókahattar
18. Mjúkar töskur, þokar o.fl. án styrkra hliða, reið- eða aktygi úr textílefnum
19. Ferðavörur úr textílefnum
20. Handunninn útsaumur, fullgerður eða ófullgerður, og efni til framleiðslu hans, þ.m.t. útsaumsgarn, sem er selt sérstaklega án strammans og er selt eingöngu til notkunar í slíka listmuni
21. Rennilásar
22. Hnappar og spennur, yfirdekkar með textílefnum
23. Bókarspjöld úr textílefnum
24. Leikföng
25. Textílhutar skófatnaðar, að undanskildu varmafóðri
26. Borðmottur úr ýmsum efnisþáttum, allt að 500 sm² stórar
27. Ofnhanskar og pottaleppar
28. Eggjahettur
29. Förðunartaska
30. Tóbakspungar úr textílefni
31. Gleraugnahulstur, vindlinga- og vindlahulstur, kveikjara- og greiðuhulstur úr textílefni
32. Ípróttahlífar, að hönskum undanskildum
33. Snyrtitöskur
34. Skóburstunaröskjur
35. Varningur við útfarir
36. Einnota vörur, að vatti undanskildu

Að því er varðar tilskipun þessa ber að líta á textílvörur, sem ætlaðar eru til notkunar aðeins einu sinni eða í takmarkaðan tíma og þar sem eðlileg nýting slíkra vara útilokar alla endurnýjun til frekari notkunar í sama eða líkum tilgangi, sem einnota vörur
37. Textílvörur sem falla undir reglur Evrópsku lyfjaskrárinnar og sem falla undir tilvísun í þær reglur, margnota sáraumbúðir til nota við lækningar og í bæklunarskurðlækningum og almennar textílvörur til notkunar í bæklunarlækningum almennt
38. Textílvörur, sem falla undir 12. lið í IV. viðauka, þar á meðal kaðlar, taugar og reimar, venjulega ætlaðar til:
 - a) notkunar sem íhlutir í búnað við framleiðslu og vinnslu vara

- b) innsetningar í vélar, í búnað (t.d. hitunar, loftræstingar eða lýsingar), heimilistæki og önnur tæki, ökutæki og önnur flutningatæki eða til notkunar við rekstur þeirra og viðhald eða til notkunar sem búnaður með þeim, að undanskildum ábreiðum úr segldúk og aukabúnaði úr textílefnum sem seldur er sérstaklega og ekki með vélknúnum ökutækjum
 - 39. Textílvörur, ætlaðar til verndar og öryggis, s.s. öryggisbelti, fallhlífar, björgunarvesti, neyðarrennur, slökkvibúnaður, skotheld vesti og sérstakur hlífðarfatnaður (t.d. sem veitir vörn gegn eldi, efnum eða annarri hættu)
 - 40. Loftupplásin mannvirki (t.d. íþróttahallir, sýningastæði eða geymslur), svo fremi upplýsingar um afkastagetu og tæknilýsingar fylgi
 - 41. Segl
 - 42. Textílvörur fyrir dýr
 - 43. Flögg og fánar
-

IV. VIÐAUKI

VÖRUR SEM EINUNGIS ER SKYLT AÐ NOTA SAMEIGINLEGAN VÖRUMÍÐA EÐA MERKI FYRIR

(sem um getur í b. lið 1. mgr. 10. gr.)

1. Gólfklútar
2. Hreingerningarklútar
3. Bryddingar og leggingar
4. Kögur, snúrur, fléttuð bönd
5. Belti
6. Axlabönd
7. Sokkabönd
8. Skóreimar
9. Borðar
10. Teygjur
11. Nýjar umbúðir, seldar sem slíkar
12. Bökklasnæri og bindigarn; bönd, kaðlar og reimar sem ekki falla undir 38. lið III. viðauka⁽¹⁾
13. Borðmottur
14. Vasaklútar
15. Hárnét
16. Hálstau og slaufur fyrir börn
17. Smekkir, þvottapokar og andlitsþurrkur
18. Garn til sauma, viðgerða og útsaums til smásölu í litlu magni, 1 gramm eða minna nettó
19. Bönd fyrir glugga- og rimlatjöld

⁽¹⁾ Þegar um ræðir vörur sem falla undir lið þennan og seldar eru afskornar í lengjum skal sameiginleg vörumerking vera sú sama og á rúllunni. Kaðlar og bönd undir þessum lið taka m.a. til kaðla og banda sem eru notuð í fjallaklifri og siglingaþróttum.

V. VIÐAUKI

VIÐTEKIN FRÁVIK SEM NOTA SKAL VIÐ ÚTREIKNING Á MASSA TREFJA Í TEXTÍLVÖRU

(sem um getur í 13. gr.)

Trefjanr.	Trefjar	Hundraðshlutar
1-2	Ull og annað dýrahár	
	greiddar trefjar	18,25
	kembdar trefjar	17,00 ⁽¹⁾
3	Dýrahár:	
	greiddar trefjar	18,25
	kembdar trefjar	17,00 ⁽¹⁾
	Hrosshár:	
	greiddar trefjar	16,00
	kembdar trefjar	15,00
4	Silki	11,00
5	Baðmull	
	venjulegar trefjar	8,50
	mersiunnar (mercerised) trefjar	10,50
6	Kapok	10,90
7	Hör	12,00
8	Hampur	12,00
9	Júta	17,00
10	Manilahampur	14,00
11	Alfa	14,00
12	Kókostrefjar	13,00
13	Gífill	14,00
14	Ramí (bleiktar trefjar)	8,50
15	Sísal	14,00
16	Trefjar súnnplöntu	12,00
17	Sísalhampur	14,00
18	Trefjar eyðimerkurlilju	14,00
19	Asetat	9,00
20	Algínat	20,00
21	Kúpró	13,00
22	Módal	13,00
23	Endurmyndaðar prótintrefjar	17,00
24	Tríasetat	7,00
25	Viskósa	13,00
26	Akrýl	2,00
27	Klórtrefjar	2,00
28	Flúortrefjar	0,00
29	Móðakrýl	2,00

Trefjanr.	Trefjar	Hundraðshlutar
30	Pólýamið eða nælon:	
	skornar trefjar	6,25
	heilþráður	5,75
31	Aramíð	8,00
32	Pólýimíð	3,50
33	Lýósell	13,00
34	Pólýlaktíð	1,50
35	Pólýester:	
	skornar trefjar	1,50
	heilþráður	1,50
36	Pólýetýlen	1,50
37	Pólýprópýlen	2,00
38	Pólýkarbamið	2,00
39	Pólýúretan	
	skornar trefjar	3,50
	heilþráður	3,00
40	Vínýlal	5,00
41	Trívínýl	3,00
42	Elastódíen	1,00
43	Elastan	1,50
44	Glertrefjar	
	með meðalþvermál yfir 5 µm	2,00
	með meðalþvermál 5 µm eða minna	3,00
45	Málmtrélfjar	2,00
	Málmgerðar trefjar	2,00
	Asbest	2,00
	Pappírsgam	13,75
46	Elastófjölester	1,50
47	Elastólefin	1,50

(¹) Viðteknu frávikin, sem nema 17,00%, skulu einnig notuð ef ómögulegt er að ganga úr skugga um hvort textílvara, sem inniheldur ull og/eða annað dýrahár, er greidd eða kembd.

VI. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfeld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 18. gr.)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EB

(Stjtið. EB L 32, 3.2.1997, bls. 38).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/37/EB

(Stjtið. EB L 169, 27.6.1997, bls. 74).

Liður 1. F. 2 í II. viðauka við aðildarlögin frá 2003

(Stjtið. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 66).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/34/EB

(Stjtið. ESB L 89, 26.3.2004, bls. 35).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/3/EB

(Stjtið. ESB L 5, 10.1.2006, bls. 14).

Tilskipun ráðsins 2006/96/EB

(Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 81).

Einungis 2. liður D-liðar í viðaukanum

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/3/EB

(Stjtið. ESB L 28, 3.2.2007, bls. 12).

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 18. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
96/74/EB	—
97/37/EB	1. júní 1998
2004/34/EBS	1. mars 2005
2006/3/EBS	9. janúar 2007
2006/96/EBS	1. janúar 2007
2007/3/EBS	2. febrúar 2008

VII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 96/74/EB	Þessi tilskipun
1. gr.	1. mgr. 1. gr.
1. mgr. 2. gr.	a-liður 1. mgr. 2. gr.
Inngangsorðin í 2. mgr. 2. gr.	Inngangsorðin í b-lið 1. mgr. 2. gr.
Fyrsti undirliður 2. mgr. 2. gr.	i. liður b-liðar 1. mgr. 2. gr.
Annar undirliður 2. mgr. 2. gr.	ii. liður b-liðar 1. mgr. 2. gr.
Inngangsorðin í 3. mgr. 2. gr.	Inngangsorðin í 2. mgr. 2. gr.
Fyrsti undirliður 3. mgr. 2. gr.	a-liður 2. mgr. 2. gr.
Annar undirliður 3. mgr. 2. gr.	b-liður 2. mgr. 2. gr.
Þriðji undirliður 3. mgr. 2. gr.	c-liður 2. mgr. 2. gr.
3. gr.	3. gr.
4. gr.	4. gr.
1. mgr. 5. gr., að undanskildum undirliðunum undirliðir 1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 5. gr.
2. mgr. 5. gr.	II. viðauki
3. mgr. 5. gr.	2. mgr. 5. gr.
Inngangsorðin í 1. mgr. 6. gr.	3. mgr. 5. gr.
Fyrsti undirliður 1. mgr. 6. gr.	Inngangsorðin í 1. mgr. 6. gr.
Annar undirliður 1. mgr. 6. gr.,	a-liður 1. mgr. 6. gr.
þriðji undirliður 1. mgr. 6. gr.	b-liður 1. mgr. 6. gr.
2. mgr. 6. gr.	c-liður 1. mgr. 6. gr.
3. mgr. 6. gr.	2. mgr. 6. gr.
4. mgr. 6. gr.	3. mgr. 6. gr.
5. mgr. 6. gr.	5. mgr. 6. gr.
7. gr.	4. mgr. 6. gr.
1. mgr. 8. gr.	7. gr.
a-liður 2. mgr. 8. gr.	1. mgr. 8. gr.
b-liður 2. mgr. 8. gr.	2. mgr. 8. gr.
c-liður 2. mgr. 8. gr.	3. mgr. 8. gr.
d-liður 2. mgr. 8. gr.	4. mgr. 8. gr.
1. mgr. 9. gr.	5. mgr. 8. gr.
2. mgr. 9. gr.	1. mgr. 9. gr.
Inngangsorðin í 3. mgr. 9. gr.	2. mgr. 9. gr.
	Inngangsorðin í 3. mgr. 9. gr.

Tilskipun 96/74/EB	Þessi tilskipun
Inngangsorð fyrstu undirgreinar a- liðar 3. mgr. 9. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar a- liðar 3. mgr. 9. gr.
Fyrsti undirliður fyrstu undirgreinar a-liðar 3. mgr. 9. gr.	i. liður fyrstu undirmálgreinar a-liðar 3. mgr. 9. gr.
Annar undirliður fyrstu undirgreinar a-liðar 3. mgr. 9. gr.	ii. liður fyrstu undirgreinar a-liðar 3. mgr. 9. gr.
Þriðji undirliður fyrstu undirgreinar a-liðar 3. mgr. 9. gr.	iii. liður fyrstu undirgreinar a-liðar 3. mgr. 9. gr.
Önnur undirgrein a-liðar 3. mgr. 9. gr.	Önnur undirgrein a-liðar 3. mgr. 9. gr.
Þriðja undirgrein a-liðar 3. mgr. 9. gr.	Þriðja undirgrein a-liðar 3. mgr. 9. gr.
b- til f-liður 3. mgr. 9. gr.	b- til f-liður 3. mgr. 9. gr.
10. gr.	10. gr.
11. gr.	11. gr.
Inngangsorð 12. gr.	Inngangsorð 12. gr.
1. mgr. 12. gr.	a-liður 12. gr.
a-liðar 2. mgr. 12. gr.	b-liður 12. gr.
Fyrsta undirgrein b-liðar 2. mgr. 12. gr.	c-liður 12. gr.
Önnur undirgrein b-liðar 2. mgr. 12. gr.	d-liður 12. gr.
Fyrsta undirgrein c-liðar 2. mgr. 12. gr.	Fyrsta undirgrein e-liðar 12. gr.
Inngangsorð annarrar undirgreinar c-liðar 2. mgr. 12. gr.	Inngangsorð annarrar undirgreinar e-liðar 12. gr.
Fyrsti undirliður annarrar undirgreinar c-liðar 2. mgr. 12. gr.	i. liður annarrar undirgreinar e-liðar 12. gr.
Annar undirliður annarrar undirgreinar c-liðar 2. mgr. 12. gr.	ii. liður annarrar undirgreinar e-liðar 12. gr.
3. mgr. 12. gr.	f-liður 12. gr.
13. gr.	13. gr.
14. gr.	14. gr.
Inngangsorð 15. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 1. gr.
1. mgr. 15. gr.	a-liður 2. mgr. 1. gr.
2. mgr. 15. gr.	b-liður 2. mgr. 1. gr.
3. mgr. 15. gr.	c-liður 2. mgr. 1. gr.
4. mgr. 15. gr.	d-liður 2. mgr. 1. gr.
16. gr.	15. og 16. gr.
17. gr.	17. gr.
18. gr.	—
—	18. gr.
fyrsta málsgrein 19. gr.	20. gr.
önnur málsgrein 19. gr.	19. gr.

Tilskipun 96/74/EB	Þessi tilskipun
Liðir 1-33 í I. viðauka.	Liðir 1-33 í I. viðauka.
a-liður 33. liðar í I. viðauka	34. liður í I. viðauka
34. liður í I. viðauka	35. liður í I. viðauka
35. liður í I. viðauka	36. liður í I. viðauka
36. liður í I. viðauka	37. liður í I. viðauka
37. liður í I. viðauka	38. liður í I. viðauka
38. liður í I. viðauka	39. liður í I. viðauka
39. liður í I. viðauka	40. liður í I. viðauka
40. liður í I. viðauka	41. liður í I. viðauka
41. liður í I. viðauka	42. liður í I. viðauka
42. liður í I. viðauka	43. liður í I. viðauka
43. liður í I. viðauka	44. liður í I. viðauka
44. liður í I. viðauka	45. liður í I. viðauka
45. liður í I. viðauka	46. liður í I. viðauka
46. liður í I. viðauka	47. liður í I. viðauka
Liðir 1-33 í II. viðauka.	Liðir 1-33 í V. viðauka.
a-liður 33. liðar í II. viðauka	34. liður í V. viðauka
34. liður í II. viðauka	35. liður í V. viðauka
35. liður í II. viðauka	36. liður í V. viðauka
36. liður í II. viðauka	37. liður í V. viðauka
37. liður í II. viðauka	38. liður í V. viðauka
38. liður í II. viðauka	39. liður í V. viðauka
39. liður í II. viðauka	40. liður í V. viðauka
40. liður í II. viðauka	41. liður í V. viðauka
41. liður í II. viðauka	Liður 42 í V. viðauka
42. liður í II. viðauka	43. liður í V. viðauka
43. liður í II. viðauka	44. liður í V. viðauka
44. liður í II. viðauka	45. liður í V. viðauka
45. liður í II. viðauka	46. liður í V. viðauka
46. liður í II. viðauka	47. liður í V. viðauka
III. viðauki.	III. viðauki.
IV. viðauki	IV. viðauki
V. viðauki	—
VI. viðauki	—
—	VI. viðauki
—	VII. viðauki